

Fundargerð Félagsfundar 15.6.2016

Mættir: Kjartan K., Katla, Lárus, Bjartmar, Hákon, Albert, Torfi, Kjartan, Andrés og Kristján. Andrés og Katla véku af fundi eftir fundarlið 2. Mummi, Þórólfur og Þórarinn mættu fyrir fundarlið 4.

1. Fundarstjórn

Lárus var kosinn fundarstjóri og Albert sem ritari.

2. Tillaga að stefnu um fjárhagslegan stuðning við námsmenn

<https://docs.google.com/document/d/1hNLCnp9bTQzERiyFmWM1FK6ZiAzBpQXnBwPWxtQbp7I>

Albert las upp stefnutillöguna. Umræður voru örliðar, enda markmiðið að kanna hvort stefnutillagan væri tilbúin í kosningakerfið. Tillagan var samþykkt í vefkosningakerfið með 8 af 10 greiddum atkvæðum.

3. Tillaga að stefnu um málefni er varða heilsuspillandi raka og myglusveppi í húsum

<https://docs.google.com/document/d/1-XQ2OuYHOyAFF-EVeS9nSwpDADxEMm2wxpXpECYIH5Q>

Albert kynnti stefnutillöguna. Umræður voru nokkrar, enda meginmarkmiðið að kanna hvort stefnutillagan væri tæk í vefkosningu. Atkvæðagreiðsla: Tillagan var samþykkt í vefkosningakerfið með öllum greiddum atkvæðum. (2 höfðu vikið af fundi).

Í umræðunum kom fram hugmynd um að setja mætti almenna stefnu um gæði húsnaðis þar sem fjallað væri um brunagildir, húsasótt, o.fl. sem ríkið gæti þurft að tryggja heilbrigði og heilsufar borgara.

4. Tillaga að stefnu um afnám verðtryggðra neytendalána og mögulega lækkun fjármagnskostnaðar neytenda

https://docs.google.com/document/d/16XiDMsJES2KU14XAdWkS9AcGQBM6RNBuFx_9AmKlFR0

Mummi kynnti stefnutillöguna. Umræður um tillöguna voru heitar en gengu þó formlega út á að ræða hvort tillagan væri tæk í vefkosningakerfið. Nafni stefnutillögunnar var breytt í „Afnám verðtryggðra neytendalána og möguleikar á lækkun fjármagnskostnaðar neytenda“. Tillagan var samþykkt óbreytt inn í vefkosningakerfið (utan nafnabreytingu) með 9 af 11 greiddum atkvæðum.

5. Umræður um drög að stefnu um skatta einstaklinga

<https://discourse.piratar.is/t/skattar-einstaklinga/676/11>

Lögð var fram niðurstaða fundar frá því í maí 2016 varðandi skattamál einstaklinga. Vegna skamms fundartíma leyfði fundarstjóri aðeins einn hring af umræðum um hugmyndirnar.

Kjartan: Nefndi að 30% fjármagnstekjuskattur væri nú nýkominn í píratastefnu. Setur spurningamerki við flesta hluti sem ríkið rekur eða tekur þátt í að reka sem ekki varða grunnstoðir samfélagsins.

Mummi: Finnst liðir 4 og 5 líta vel út. Er andvígur nefsköttum. Sagði gott að skorða fasteignagjöld á lögheimilum við raunkostnað.

Kristján: Finnst persónuafsláttur og hækkun hans vera af hinu góða. Setur spurningamerki við margsköttun, finnst að það ætti að vera í öðrum lið en erfðafjárskattur.

Þórólfur: Vildi lækka skatt í 25% og að harðar verði tekið á skattsvikum.

Kjartan Kj.: Ræddi um einyrkja vs. launafólk. Einyrkjar taka frekar út arð, vill að nefskattar verði aflagðir og að skattur eigi að fara í það sem honum er ætlað.

Lárus: Vildi lækka skatta einstaklinga og koma á sömu sköttum fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Finnst að neysluskattar meigi hækka því þá ræður fólk sjálft neyslumynstri sínu. Vill nefskattana burt.

Bjartmar: Segir venjulegan verkamaður í raun ekki greiða skatta. Vill að persónuafsláttur gildi og neysluskattar blífi. Talaði um þrjú skattþrep í stað tveggja. Vill nefskatta burt og að fyrirtæki beri miklu meiri ábyrgð.

Hákon: Nefndi dæmi um mann sem ekki borgaði neina skatta af tekjum sínum en er samt innan lagarammans.

Albert: Sagði heildarstefnu vanta um tekjur sveitarfélaga. Megin ástæðan fyrir 2ja þrepa tekjuskatti með miklu bili milli þrepa sé að færri lendi í jaðarsköttun. Sagði að hækkun persónuafsláttar, stefna um útgreiddan persónuafslátt og tillaga að stuðningsstefnu við námsmenn allt stefna í átt að borgaralaunum. Einnig sé stefna í bígerð um fjármál ríkisins þar sem m.a. segir að debet/kredit bókhaldslyklar ríkisins verði virtir.

Torfi: Vildi einfalda skattkerfið, rukka meira fyrir neyslu og setja þak á erfðaskatt.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál voru rædd og fundi slitið kl. 19:55.